


Nettengd Biblía fyrir börn
kynnir

Pétur og kraftur
bænarinnar



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Alastair Paterson

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children

www.M1914.org

©2020 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.




Er Pétur postuli ferðaðist um til að segja öðrum frá Jesú, kom hann við í Lýddu.

Þar hitti hann lamaðan mann, sem hafði legið rúmfastur í átta ár.

"Jesús Kristur læknaþig," sagði Pétur. "Stattu upp og búðu um þig." Hann stóð upp þegar í stað. Þeir er þetta sáu tóku

trú á Guð.








Kristin kona að nafni Dorkas,
er hafði búið í bænum Joppe
skammt frá Lýddu, var nýdáin.
Sorgbitnir vinir hennar lauguðu
hana, og lögðu til hvíldar í
loftherbergi einu, þar sem þeir
komu saman
til að syrgja
hana.




Vinir Dorkas fréttu að Pétur væri í nágrenninu og báðu hann að koma sem fyrst til Joppe. Pétur brá skjótt við og þegar hann kom, voru ekkjurnar grátandi. Þær sýndu honum yfirhafnir og kyrtla er Dorkas hafði búið til og gefið þeim.



Pétur lét alla ganga út, kraup á kné og baðst fyrir. Síðan snéri hann sér að líkinu og sagði, "Dorkas, rístu upp." Hún opnaði augun, og er hún sá Pétur, settist hún upp.





Pétur rétti henni hönd og reisti hana á fætur. Hann kallaði síðan á hina trúuðu og ekkjurnar, til að sjá hún hafði lifnað við. Þetta fréttist um allt Joppe, og margir tóku trú á Guð.



Pétur dvaldi um tíma í Joppe í húsi einu nálægt sjónum. Dag nokkurn fór Pétur upp á húspak til að biðjast fyrir. Hafi hann litið yfir



borgarmúrana,
hefur hann
sennilega séð þrjá
menn á ferð til
að hitta hann.



Þessir menn voru sendimenn Kornelíusar,
rómversks hermanns er trúði á Guð.

Kornelíus hafði sent
þá til að finna
Pétur

Því að engill
birtist honum
í sýn og
sagði, "Sendu
eftir Pétri. Hann
gistir hjá Símoni
sútara er býr í húsi
við sjóinn. Hann mun
segja þér hvað þú
átt að gera."



Á meðan Pétur baðst fyrir á húspakinu, barst honum vitrun frá Guði. Honum virtist sem stór dúkur kæmi niður af himnum, með allskonar dýrum og fuglum.


Pétur vissi að þetta var vanheilagt til átu, samkvæmt gyðinglegum siðum. Þá heyrði hann rödd sem sagði, "Rístu upp, slátraðu og éttu."




Pétur svaraði, "Nei Drottinn, alls ekki, ég hef aldrei étið neitt sem er óhreint eða vanheilagt." Þá heyrðist röddin aftur, "Það sem Guð hefur lýst hreint, mátt þú ekki kalla vanheilagt." Þetta endurtók sig þrisvar. Síðan var dúkurinn tekinn aftur upp til himna.



Pétur skyldi ekki sýnina. Á
meðan hann hugleiddi sýnina,
talaði Andinn til hans og sagði
að þrír menn leituðu hans og
að hann ætti að fara
með þeim.



Þegar mennirnir sögðu honum að Kornelíusi hafði borist skilaboð frá engli Drottins um að sækja hann, skyldi Pétur að þetta var frá Guði. Næsta dag fór hann og sex vinir hans til Kornelíusar.





Hugsanlega, á leið sinni til Gyðingsins Kornelíusar, fór Pétur að skiljast að Guð elskar allt fólk - að Guð vill að allar þjóðir heims skilji að Jesús er frelsari allra. Þegar Pétur kom til Kornelíusar, féll hann á kné fram, til að veita Pétri lotningu sína.



"Stattu upp Kornelíus, ég er maður eins og þú," sagði Pétur. Svo sagði hann við alla viðstadda, "Þið vitið að Gyðingum er bannað að hafa samneiti við annarra þjóða fólk."



"En Guð hefur nú sýnt mér að ég á engan að kalla óhreinan eða vanhelgan."



Síðan sagði Pétur þeim frá Jesú. Að Jesús er sonur Guðs. Að hann var krossfestur og reis síðan aftur upp frá dauðum sem frelsari alheimsins. Þá kom Heilagur Andi yfir alla sem orðin heyrðu og byrjuðu þeir að vegsama Guð. Hinir sex vinir Péturs voru furðu lostnir. Þetta var eins og á Hvítasunnunni.

Heilagur Andi snerti alla viðstadda. Síðan skírði Pétur alla þá er tóku trú á Jesú Krist.



Þeir sem höfðu tekið kristna trú í Jerúsalem, ávítuðu Pétur fyrir að hafa samband við heiðingja. Hann sagði þeim þá frá vitrunum þeim er höfðu borist honum og Kornelíusi. Vitnisburður Péturs setti þá hljóða. Eftir að biðjast fyrir, sýndi Guð þeim er höfðu tekið kristna trú í Jerúsalem, að kærleikur Guðs nær til allra.



Pétur og kraftur bænarinnar

Sögu þessa úr heilagri ritningu, Biblíunni,

er að finna í

Postulasögunni 9-12

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

